

Bekkjarnámskrá

6. bekkur

Grunnskólinn á Ísafirði



veturinn 2017 - 2018

Umsjónarkennarar: Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir

Námstilhögun og kennsluaðstæður:

Í 6. bekk eru 32 nemendur í tveimur bekkjum, 6.EJ og 6.KG.

Umsjónarstofa 6.EJ er nr. 211 en 6.KG nr.210. Notaðar eru mismunandi kennsluaðferðir eftir aðstæðum hverju sinni

Námsmat:

Framkoma, ástundun, vinnubrögð, verkefni, vinnubækur, kannanir og próf eru metin til einkunna eftir bókstafakvarða A-B-C-D. Nemendur og foreldrar geta fylgst með framvindu námsins á www.mentor.is

ÍSLENSKA 6 kennslustundir á viku

Kennarar: Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir

Markmið: Að nemendur:

- auki orðaforða og efli les- og málskilning.
- vinni með algeng orð og orðtök og geti notað þau í daglegu tali
- geti greint aðalatriði í texta og endursagt/ritað stutta kafla
- þekki nafnorð, lýsingarorð og sagnorð og helstu einkenni þeirra
- þekki stofn orða og geti nýtt sér hann við réttitun
- nái að lesa 175 orð á mín. að vori í hraðlestri
- temji sér að tala skýrt og áheyrilega við öll tækifæri
- þjálfist í að hlusta á upplestur á sögum, ljóðum og leikritum.
- skrifi tengda og skýra skrift, nái góðum skriftarhraða og þrói persónulega rithönd
- fáist við fjölbreytt ritunarverkefni og þjálfist í að skrá atburði úr eigin lífi og fréttum
- lesi fjölbreytta bókmenntatexta og ýmis ljóð
- kynnist ljóðum og íslenskum ljóðskáldum og læri valin ljóð utanbókar.

Námsefni: Söguskinna, Orðspor 2 lesbók og vinnubók, Mál í mótun, Málrækt 2, Ljóðspor, Gagnvirkur lestur, orð af orði og ýmis verkefni frá kennurum er varðar ritun og málfræði. Skrift 2 - 6 ásamt ýmsum bókum að eigin vali.

Námsmat: Lesfimiþróf verða þrisvar yfir skólaárið.
Prófað í íslensku á báðum önnum – mismunandi efnisþættir hverju sinni.

STÆRÐFRÆÐI

6 kennslustundir á viku

Kennarar: Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir.

Markmið:

Að nemendur

- Átti sig á notagildi stærðfræði í daglegu lífi og geti beitt ólíkum leiðum og notað hjálpargögn við reikning.
- Þjálfist frekar í reikniaðgerðunum fjórum
- Efli skilning sinn á almennum brotum og geti beitt henni við viðfangsefni í daglegu lífi
- Kynnist gráðum sem mælieiningu fyrir horn og þjálfist í að nota gráðuboga
- Kanni eiginleika þríhyrninga og geti teiknað þá með gefnum stærðum
- Kynnist mismunandi mælieiningum og læri að lesa úr töflum

Námsefni: Stika 2a og 2b, nemendabækur og æfingahefti, stjörnubækur ásamt ítarefni frá kennurum.

Kennslutilhögun: Nemendur vinna samkvæmt áætlunum af Skólavefnum (Lotukerfi Árna) þar sem efninu er skipt upp í 3 flokka, n.k. hraðferð, miðferð og hægferð. Áhersla er lögð á að allir vinni á sínum hraða, eftir sinni getu.

Námsmat: Símat; kannanir eftir valda námskafla.

SAMFÉLAGSFRÆÐI

3 kennslustundir á viku

Kennari: Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir

Kennslutilhögun: Íslands saga kennd fyrri hluta vetrar.

Kristinfræði, nokkur atriði úr ævi og starfi Jesú og samferðamenn hans og trúarbragðafræði með áherslu á Búddha. Landafraði (Norðurlönd) kennd seinni hluta vetrar.

Íslandssaga: Sögueyjan 1, Snorra saga lesin í nestistímum

Trúarbragðafræði : Kristinfræði: Ljós heimsins, Búddhatrú, Trúarbrögðin okkar

Landafraði: Norðurlönd, lesbók og vinnubók. Kortabók fyrir grunnskóla ásamt myndböndum.

Markmið: Að nemendur

- geri sér grein fyrir hvernig sagan birtist í textum, munum, hefðum og frásögnum
- kynnist helstu einkennum víkingatímabilsins, þróun þess, sögu, siðum og áhrifu
- kynnist landnámi Íslands og myndun og þróun íslensks þjóðfélags
- kynnist íslensku miðaldarsamfélagi
- þekki valdar frásagnir úr lífi Jesú hefðum, hátíðum, siðum og táknum kristinnar
- kynnist nokkrum atriðum og táknum Buddhatrúarinnar
- notað kort og gröf til að afla sér upplýsinga

- að nemendur þekki Norðurlöndin, einkenni hvers lands og helstu staðhætti
- leiti á margvíslegan hátt upplýsinga um það sem tengist námsefninu
- geti sett upplýsingar fram á mismunandi máta.

Námsmat: Símat, ákveðin verkefni og vinnubækur metin til einkunnar.

NÁTTÚRUFRÆÐI

3 kennslustundir á viku

Kennari: Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir

LÍFVÍSINDI

Markmið: Að nemendur þekki mismunandi gróðurlendi og lífríki þeirra.

Námsefni: Líf á landi.

Námsmat: Kannanir eftir ákveðna námsþætti, vinna og ástundun.

EÐLISVÍSINDI

Markmið: Að nemendur

- þekki og geti unnið með hugtökin: Hraði, vegalengd, tími og hröðun.
- þekki sólkerfi jarðarinnar og gang himintungla
- þekki ýmis tæki og vélar
- þjálfist í að beita vísindalegum vinnubrögðum og setja fram niðurstöður sínar á skýran hátt.

Námsefni: Auðvitað 2.

Námsmat: Kannanir eftir ákveðna námsþætti, vinna og ástundun.

LÍFSLEIKNI

2 kennslustundir á viku

Kennarar: Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir

Markmið: Að nemendur

- geri sér grein fyrir mikilvægi heilbrigðra lífshátta
- öðlist færni í mannlegum samskiptum
- átti sig á gildi laga og reglna í samfélaginu.

Námsefni: Uppbyggingarstefnan, Olweusaráætlun gegn einelti, Ertu? og efni útbúið af kennurum. Lífsleiknin verður samþætтуð öðrum greinum eftir því sem við verður komið.

Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

ENSKA
2 kennslustundir á viku

- Kennarar:** Bergljót Halldórsdóttir og Monica Mackintosh.
Markmið: Að nemendur séu færir um að taka þátt í samskiptum innan kennslustofunnar og geti lesið einfaldan texta af margvíslegum toga. Skrifað orð og stuttar setningar.
Námsefni: Action lesbók, The Basic Oxford Picture Dictionary og Workbook. Portfolio Topic Books og ýmsar léttlestrarbækur.
Námsmat: Símat.

Danska
1 kennslustund á viku

- Kennarar:** Guðríður Sigurðardóttir.
Markmið: Að nemendur geti skilið einfalt mál er varðar hann sjálfan og hans nánasta umhverfi. Geti lesið og skilið stuttan texta með grunnorðaförða daglegs lífs sem tengist aðstæðum og áhugamálum. Skrifað orð og stuttan texta.
Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara. Start les og vinnubók.
Námsmat: Símat.

UPPLÝSINGATÆKNI
1 KENNSLUSTUND Á VIKU

- Kennari:** Erna Sigrún Jónsdóttir og Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir
Markmið: Að nemendur
- geti notað safn, tölvur og netið til upplýsingaöflunar og verkefnavinnslu,
 - læri fingrasetningu á lyklaborði,
 - kynnist helstu forritum á borð við ritvinnsluforrit, töflureikni og glærugerðarforrit,
 - geti nýtt hugbúnaðarforrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna,
 - geti rætt og útskýrt á gagnrýninn hátt eigið upplýsinga og miðlalæsi,
- Námstilhögun:** Kennt er í tölvuveri skólans, kennslustofum og á bókasafni.
Námsefni: Ýmsar bækur, tölvur og netið.
Námsmat: Ekkert formlegt námsmat.

MYNDMENNT

- Kennari:** Elín Þóra Friðfinnsdóttir
Kennslutími: 1 kennslustund á viku.
Markmið: Að nemendur

- kynnist áhrifum ljóss, skugga, stærðarhlutfalla og lita í rými og áhrifum veðurfars á liti í umhverfinu.
- kynnist og nýti sér skissugerð og blandaða tækni, þekki feril hönnunar frá hugmynd til vöru og tengsl hönnunar við nánasta umhverfi.
- þekki impressionisma og expressionisma.
- geri sér grein fyrir verðmætum og eiginleikum efna og áhalda sem unnið er með og gangi frá þeim að vinnu lokinni.

Námstillhögun og

kennsluaðstæður:

Kennt er í myndmenntastofu í nýbyggingu skólans.

Námsmat: Byggist á bókstöfum samkvæmt gildum skólans.

ÍPRÓTTIR

Kenndar eru 3 kennslustundir: íþróttir 2 stundir og sund 1 stund

kennarar: Jón Hálfván Pétursson, íþróttir

Árni Heiðar Ívarsson, íþróttir

Jón Hálfván Pétursson, sund

Markmið: Að efla líkamsþroska og bæta heilsu nemenda og vekja hjá þeim áhuga á reglubundinni íþróttaiðkun og líkamsrækt.

Námstillhögun og

kennsluaðstæður: Árgangurinn fær 2 samliggjandi tíma á viku í íþróttum. Í sundi eru tveir hópar einu sinni í viku.

Námsmat: Prófað er í lok skólaárs í samræmi við námsferil vetrarins, auk þess er mæting, framkoma og virkni metin til einkunnar.

Hringekja

HEIMILISFRÆÐI

kennari: Erna Sigrún Jónsdóttir.

kennslustaður: Heimilisfræðistofa 118.

kennslustundafjöldi: Hringekja Árganginum skipt upp í 3 hópa. Hver hópur fær 3 kennslustundir á viku 1/3 hluta vetrar.

námsefni: Gott og gagnlegt 2.

Markmið:

Að nemendur:

- geti matreitt einfalda rétti eftir uppskriftum og hugsi vel um nýtingu hráefnisins
- þjálfist í vinnubrögðum og meðferð áhalda og tækja
- geti tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti, tengsl þeirra við gott heilsufar og öðlist þekkingu á helstu hugtökum í næringarfræði
- geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif
- auki þekkingu sína um sjálfbærni, læri að setja viðfangsefnin í samhengi við hana (umgengni, endurnýting, sparnaður) og þekki helstu umhverfismerki
- geti tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat
- geri sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum heimilishalds og fái innsýn í neytendavernd

Námsmat: Vinna og hegðun metin í hverjum tíma. Einkunn gefin að vori.

TEXTÍLMENNT

Kennari: Fríða Rúnarsdóttir

Kennslustaður: Saumastofa á efri hæð nýbyggingar

Markmið: Að nemendur læri rétt vinnubrögð og notkun handverkfæra í saumastofu og þjálfist í að nota saumavél.

Námstilhögun og kennsluáðstæður:

Árgangnum er skipt í 3 hópa. Kennt er í hringerkju og fær hver hópur fær 3 kennslustundir á viku í 12 vikur. Kennt er að sauma krosssaum, fléttusaum, augnsaum og demantsspor. Nemendur læra að hekla og gera lítið stykki að eigin vali. Saumavél er notuð til að sauma púða með útsaumstykkinu á og er lögð áhersla á að nemendur séu sjálfbjarga með notkun saumavélar.

Námsmat. Verkefni og vinnubrögð eru metin í hverjum tíma og samantekt er lok tímabils. Einkunn er gefin að vori.

TÆKNIMENNT

Kennari: Marta Sif Ólafsdóttir

Kennslustaður: Smíðastofa á fyrstu hæð nýbyggingar

Markmið: Beita líkamanum rétt við vinnu og sýna rétta notkun hlífðarfatnað. Geta valið og notað rétt helstu verkfæri og mælitæki. Að getað teiknað upp skissu af hugmynd og fylgt henni eftir. Geta fylgt eftir einföldum tækniteikningum og málsetningum. Getað gert grein fyrir virkninni í einfaldri vél.

Námstilhögun og kennsluáðstæður:

Árgangnum er skipt í 3 hópa. Kennt er í hringerkju og fær hver hópur fær 3 kennslustundir á viku í 12 vikur. Smíðaður er kassi með leynihólfi. Nemendur þurfa að vinna munstur sjálf sem þau vinna í kassanum. Nammisjálfsali þar sem nemendur þurfa að fylgja einföldum tækniteikningum, saga og bora þar sem á við. Val verkefni undir lokin ef tími leyfir.

Námsmat. Færni, Vinnubrögð, frágangur, hegðun og ástundun. Lokaeinkunn byggist á símati.

Valgreinar-Hræringur

Nemendur 5. - 7. bekkjar velja sér viðfangsefni þrjár kennslustundir á viku. Vetrinum verður skipt í ný vikna tímabil, samtals fjögur tímabil. Nemendur eru beðnir um að velja, í samráði við foreldra sína, tvö viðfangsefni fyrir hvert tímabil eða allt að tíu viðfangsefnum fyrir allan veturinn.

Kynning á viðfangsefnum sem verða í boði fyrir 5. – 7. bekk skólaárið 2017-2018

Priðjudagur

FabLab

Markmið: Að nemendur nýti sitt eigið frumkvæði og sköpun og nái tókum á grunnþáttum þeirra forrita sem notuð eru í FabLab, t.d. Inkscape og Google Sketchup.

Námsþættir: Vinna í tölvuveri og stafrænni FabLab smiðju.

Hámark 12 nemendur í hóp.

Tæknilegó

Markmið: Að nemendur æfist í að nota tannhjól og gíra í hlutum sem þeir búa til og nýti eigið frumkvæði og sköpun

Námsþættir: Að hanna og byggja úr kubbum og kynnast frumþáttum véltækni.

Hámark 12 nemendur í hóp.

Fimleikar

Markmið: Að nemendur kynnist helstu þáttum fimleika, æfi styrk, liðleika, lipurð, samhæfingu og jafnvægi.

Námsþættir: Farið verður í grunnþættina í fimleikum, handahlaup, arabastökk, kollhnís, hoppa yfir kubb, hringi og fleira. Hægt verður að vera meira en eitt tímabil ef nemendur vilja. Hámark 16 nemendur í hóp.

Nýsköpun

Markmið: Að efla sköpunarkraft og virkja hugmyndaflugið

Námsþættir: Allir geta fundið eitthvað sem má bæta eða breyta. Unnið verður með fjölbreyttum aðferðum í hugmyndavinnu þar sem leitað er að nýjum aðferðum, útfærslum eða vöru. Eflum sköpunarkraftinn með því að æfa okkur.

Hámark 16 nemendur í hóp.

Matur og menning frá ýmsum löndum

Markmið: Að nemendur kynnist fjölbreyttri matarmenningu.

Námsþættir: Matreiðsla og bakstur í bland við skemmtileg verkefni. Nemendur útbúa sjálfir litla matreiðslubók sem inniheldur uppskriftir og fróðleik frá tímabilinu.

Hámark 12 nemendur í hóp.

Smíðar og föndur

Markmið: Nota hugmyndaflugið og sjá nýtni í drasli, hugsu og vinna sjálfstætt, nota sinn eigin sköpunarkraft til að búa til eitthvað með virkni

Námsþættir: Kúluspil. Nemandi fær spónarplötu sem grunn fyrir kúluspil. Notast er við afgangsefni úr smíðastofunni og afskorninga til að búa til braut. Einnig má nota allt föndurdót og drasl sem finna má í stofunni. Auka valverkefni ef tími leyfir.

Kennari: Marta Sif Ólafsdóttir

Stuttmyndagerð

Markmið: Að nemendur læri að vinna með einföld upptökuforrit.

Námsþættir: Upptökur, klipping og almennar reglur um myndbirtingu.

Hámark 16 nemendur í hóp.

Börn og umhverfi – í samstarfi við Rauða krossinn Tímabil 4, aðeins fyrir 6. og 7. bekk

Markmið: Að nemendur öðlist aukið öryggi í að gæta yngri barna.

Námsþættir: Árangursrík samskipti, umönnun og hollar lífsvenjur, leiðtogahæfni, leikir og leikföng, helstu slyshættur í umhverfi barna og skyndihjálp.

Hámark 20 nemendur í hóp.

Makey makey

Markmið: Nemendur læri að nota Makey makey til að stýra tölvuleikjum, hljóðfærum og lykklaborði. Nemendur kynnist rafmagnsfræði sem nýtist í skapandi vinnu.

Námsþættir: Vinna í tölvuveri og myndmennt. Nemendur vinna með Makey makey box, tölvu og ýmsan efnivið. Áhersla er lögð á skapandi útfærslur á verkefnum, samvinnuhæfni og sjálfstæð vinnubrögð.

Hámark 16 nemendur í hóp.

Verkleg vísindi

Markmið: Að nemendur fái að kafa dýpra ofan í viðfangsefni náttúruvísindanna og gera athuganir og tilraunir því tengdu.

Kennslutilhögun: Nemendur fá úthlutað verkefnum sem þeir leysa með því að gera tilraunir eða athuganir á efninu.

Hámark 12 nemendur í hóp

Scratch forritun

Markmið: Að nemendur kynnist grunnatriðum forritunar í gegnum Scratch, geti unnið sjálfstætt og dýpki þekkingu sína innan eigin áhugasviðs.

Kennsluaðferðir: Nemendur vinna í tölvuveri og fá verkefni eða velja úr verkefnabanka.

Hámark 16 nemendur í hóp.

Samspil

Markmið: Að nemendur læri að spila/syngja tónlist í hóp.

Námshættir: Samspil og samspilsæfingar, samsöngur og rytmaleikir.

Kennari: Andri Pétur Þrastarson

Föstudagur

Dans

Markmið: Að efla hreyfiproska með aðstoð fjölbreytilegrar tónlistar. Að efla félagsþroska í gegnum snertingu og samvinnu.

Námshættir: Freestyle-dansar, þeir dansar sem eru í tísku hverju sinni og að semja dansa.

Að auki munu nemendur sýna dansa við ýmis tækifæri.

Hámark 16 nemendur í hóp

Skák og borðspil

Markmið: Að nemendur kynnist reglum skáklistarinnar og helstu byrjunum.

Námshættir: Ýmis borðspil og gögn frá kennara.

Hámark 16 nemendur í hóp

Leður og roð – Fríðu föndur

Markmið: Að nemendur nái tökum á að vinna með þau verkfæri sem notuð eru til að vinna með þessi hráefni og nýti eigið frumkvæði og sköpun.

Námshættir: Að búa til t.d. lyklakippu, nælu, pyngju, símahulstur, eyrnalokka, hálsmen og hvað annað sem nemendum dettur í hug.

Hámark 12 nemendur í hóp

Skrautskrift

Markmið: Að nemendur læri grunnatriði skrautskriftar.

Námshættir: Æfingar í fjölbreyttri stafagerð.

Hámark 16 nemendur í hóp

Teiknimyndasögugerð

Markmið: Að nemendur öðlist innsýn í heim teiknimyndasögugerðar.

Námsþættir: Uppbygging sögu þar sem mynd og texti vinna saman, unnið bæði á hefðbundinn hátt og í ýmsum forritum.

Hámark 16 nemendur í hóp

Útivist og leikir

Markmið: Að mæta þörf nemenda fyrir útivist og hreyfingu og efla félagsfærni.

Námsþættir: Skipulagðir leikir af ýmsu tagi og útivist í samræmi við veður hverju sinni, hjólaferðir, skautuferðir og fleira.

Hámark 20 nemendur í hóp

Hundar sem gæludýr

Markmið: Að nemendur kynnist umhirðu hunda og mikilvægum þáttum í samskiptum þeirra við manninn.

Námsþættir: Ábyrgð hundaeigenda kynnt í gegnum myndbönd og annað námsefni sem valið er af kennara. Nemendur fá að hitta hund/hunda og komast í snertingu við þá.

Ekki er nauðsynlegt að nemendur eigi hund.

Hámark 16 nemendur í hóp

Jóga

Markmið: Að nemendur læri að beita líkama sínum á réttan hátt, auka hreyfileika og jafnvægi og bæta sjálfsmynd og auka við líkamlega og tilfinningalega heilsu og vellíðan nemenda. Styrkja félagsleg samskipti, auka hópuppbyggingu og samfélagsskynjun nemendahópsins.

Námsþættir: Vinnum með öndun og teygjur, farið verður í undirstöður jóga, rétta líkamsbeitingu og öndun í æfingum sem og rólegir hugleiðslutímar þar sem einblínt verður á að auka sjálfstraust barnanna og jákvæða sjálfsmynd.

Hámark 12 nemendur í hóp.

Samspil

Markmið: Að nemendur spili og syngi saman.

Námsþættir: Nemendur fá tilsögn í hljómagangi og spila nokkur lög saman. Skólinn leggur til hljómborð, þeir sem eiga gítar eða önnur hljóðfæri eru beðnir að koma með þau með sér og nemendur fá einnig að prófa ýmis ásláttarhljóðfæri.

Hámark 8 nemendur í hóp.

Foreldraviðtöl verða í byrjun skólaárs, nóvember og febrúar. Kennarar hafa ekki fasta símatíma, en séu þeir uppteknir þegar hringt er, má leggja inn skilaboð hjá ritara um að hafa samband þegar þeir geta. Einnig er hægt að nota tölvupóst.

Tengiliðir foreldra:

Netfang kennara:

Erna Sigrún Jónsdóttir

ernajo@isafjordur.is

Kristín Guðbjört Guðmundsdóttir

kristingu@isafjordur.is

Veikindi þarf að tilkynna til ritara hvern veikindadag. Þeir nemendur sem eiga að horfa á í íþróttum þurfa að koma með það skriflegt að heiman. Símanúmer skólans er 450 8300